

Sjálfsmynd og villimenn Nýja heimsins í skrifum Michels de Montaigne

[...] cette bonne mere [nature] nous a donne
a tous toute la terre pour demeure, nous a
tous logés aucunement en mesme maison,
nous a tous figurés a mesme patron afin que
chacun se peust mirer et quasi reconnoistre
l'un dans l'autre;¹

1. Inngangur

Þótt hugmyndir okkar og skoðanir á öðrum þjóðum byggist
íðulega á fáfræði, rangtúlkunum og fordómum af ýmsu tagi eru
þær forvitnilegar vegna þess að þær segja okkur heilmikið um við-
horf okkar til samfélagsins sem við búum í og okkur sjálf. Viðhorf
Vesturlandabúa til umheimsins hefur löngum mótast af græðgi, yfir-
læti og menningarlegri heimsvaldastefnu og því hefur gjarnan fylgt
stöðluð ímynd af þeim sem falla í þann stóra flokk „hinna“, þ.e.
þeirra sem eru ekki eins og maður sjálfur.² „Hinn“ hefur tekið á sig
ýmsar myndir og þjónað ólíkum hlutverkum í áranna rás. Fundur
Nýja heimsins og kynni kristinna Evrópubúa af indíánunum sem

- 1 La Boétie 1549: 57. „Þessi góða móðir [náttúra] gaf okkur öllum jörðina alla sem dvalarstað, kom okkur öllum fyrir í sama bústað, skapaði okkur öll í sömu mynd til þess að hvert og eitt okkar gæti séð sig og svo að segja þekkt í öðrum;“ (þýð. greinarhöfundar); sjá líka M.A. Schreech, *Montaigne and Melancholy. The Wisdom of the Essays*, Harmondsworth: Penguin, 1983: 111–112.
- 2 Sjá t.d. rit Edwards W. Said, *Orientalism*, New York: Vintage Books, 1979; Edward W. Said, *Culture Imperialism*, London: Vintage Books, 1994; Homi K. Bhabha, *The Location of Culture*, London, New York: Routledge, 1994, einkum k. 3, „The Other Question“.

hann byggðu var stór atburður í þessu samhengi.³ Við þann atburð er oft miðað þegar reynt er að tímasetja upphaf nýaldar. Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti og ýmsum grimmdarverkum sem þeir áttu að hafa framið. Þemað er stórt, eins og Tzvetan Todorov bendir á í riti sínu um landvinningana í Nýja heiminum, ekki síst vegna þess að „hinn“ býr líka í okkur sjálfum (Todorov 1992: 11). Einn þeirra endur-reisnarmanna sem skrifuðu um íbúa Nýja heimsins var Frakkinn Michel de Montaigne (1533–1592) sem er þekktastur fyrir rit sit *Essais* eða Tilraunir en þar dregur höfundur upp mynd af sjálfum sér og samtíma sínum með því að beina sjónum að ólíkustu viðfangs-efnum. Hér verður sagt frá því hvernig sjálfsskoðun og viðhorf til „hins“ fléttast saman í umfjöllun hans um mannætur Nýja heimsins.⁴ Fyrst verður þó staldrað við esseyjuna og höfund hennar.

2. Montaigne og esseyjan

Ágengar spurningar um sjálfið og tengsl þess við aðra hafa fylgt mannum um aldir og tekið á sig ólíkar myndir. Listamenn, hugsuðir, rithöfundar og heimspekingar hafa sett fram hugmyndir um þetta margbrotna viðfangsefni í verkum sínum. Trúbadúrar sungu um ást og söknuð í fjarveru hinnar elskuðu; „Hvað er sjálfið?“ spurði Pascal í lok 17. aldar, „Ég er annar“ skrifar Arthur Rimbaud í bréfi frá árinu 1871 og hálfri öld síðar fjallar Albert Camus um einstakling sem samfélagið skilur ekki í skáldsögu sinni *Útlendingnum*. Sjálfið er svo skrifað inn í sjálfsævisöguna á einn eða annan hátt í góðri samvinnu við lesandann eins og Philippe Lejeune hefur bent á í ritum sínum.⁵ Nú á dögum er sjálfstjáníningin líklega vinsælli en nokkru sinni fyrr. Einn af upphafsmönnum sjálfssögunnar var

3 Í verki sínu *La conquête de l'Amérique. La question de l'autre* fjallar Tzvetan Todorov um landafundina út frá spurningunni: Hvernig ber manni að koma fram við aðra? Frásagnir af landafundunum eru eins konar dæmisaga um það; París: Éditions du Seuil, 1982.

4 Þessi grein byggist að hluta til á fyrirlestri sem haldinn var á Hugvísindabþingi 5.–6. mars árið 2010 í málstofunni „Sýn Evrópubúa á Nýja heiminn“. Ritrynum er þakkað fyrir góðar athugasemdir.

5 Philippe Lejeune hefur skrifað mörg rit um sjálfsævisöguna sem bókmenntategund, t.d. *Le Pacte autobiographique*, París: Seuil, 1996 (©1975); *Je est un autre: l'autobiographie de la littérature aux médias*, París: Seuil, 1980; *Autogenèses, Les brouillons de soi 2*, París: Seuil, 2013.

Michel Eyquem eða Michel de Montaigne eins og hann kallaði sig, og er hann gjarnan nefndur þegar þessa forvitnilegu bókmenntagrein ber á góma.

Michel Eyquem fæddist árið 1533 á landareigninni Montaigne nálægt Bordeaux. Hann var af efnuðu fólki kominn, hlaut góða menntun, las lögfræði og starfaði sem ráðgjafi við réttinn í Périgueux og síðan Bordeaux. Hann kynntist starfsbróður sínum og skáldinu Étienne de La Boétie og með þeim tókst mikil vinátta. Þegar faðir Michels dó, árið 1568, erfði sonurinn jörðina og tók upp nafnið Montaigne. Nokkrum árum síðar lét hann af ráðgjafarstörfum, 38 ára gamall, dró sig í hlé og helgaði skrifum og fræðistörfum tíma sinn. Hann kom sér fyrir í turni á setri sínu með bókasafn sitt og blöð og dvaldi þar löngum stundum, las og skrifaði, hugsaði og horfði út um gluggana; þannig gat hann fylgst með lífinu á setrinu og stjórnad búinu (Montaigne III.3, 1962⁶: 806; Hoffmann 1998: 13). Endurreisnin í Frakklandi mótaðist meðal annars af miklu trúarlegu umróti og þar tókust kaþólikkar og mótmælendur á í borgarastríði sem klauf landið í andstæðar fylkingar. Í marga áratugi (1562–1598) var barist af heift. Montaigne var kaþólskur en áhrif mótmælendatrúar voru mikil þar sem hann bjó.⁷ Hann hlýddi þó kalli konungs, Hinriks 3., og tók þátt í samningaviðræðum eins helsta forsprakka mótmælenda, Hinriks af Navarre (seinna Hinrik 4.), sem Montaigne dáðist að, og erkifjanda hans, hins volduga Hinriks af Guise. Árið 1580 fór Montaigne til Parísar þar sem hann færði Hinriki 3. fyrstu tvö bindi rits síns *Essais* sem þá voru nýútkomin. Hann ferðaðist þaðan til Rómar um Sviss, Þýskaland og Ítalíu og leitaði sér lækninga við gallsteinum. Hann hélt dagbók, *Journal de voyage*, á ferðalaginu sem ekki var ætluð til útgáfu en kom þó fyrir almennings sjónir árið 1774. Árið 1581 var hann settur bæjarstjóri Bordeaux þótt hann hafi ekki sóst sérstaklega eftir því embætti og gegndi starfinu til 1585. Sama ár herjaði pestin grimmt á íbúa Bordeaux og nágrennis og fjölmargir lögðu á flóttu. Þegar faraldrinum linnti gat Montaigne snúið sér aftur að ritstörfum.

6 Áður en vísað er í bladsíðutal þeirrar útgáfu verksins *Essais* sem notuð var við ritun greinarinnar er tilgreint númer bindis og kafla (hér III.3).

7 La Guyenne var stjórnad af Hinrik af Navarre sem var mótmælendatrúar þar til hann snerist til kaþólsku til þess að geta tekið við konungstigninni eftir lát Hinriks 3. Trúarbragðastríðin í Frakklandi stóðu í um fjörutíu ár.

Hann eignaðist sex dætur með eiginkonu sinni, Françoise de la Chaigne, sem hann kvæntist 1565, en aðeins ein þeirra, Léonor, náði fullorðinsaldri. Montaigne lést árið 1592 (Montaigne 1962: xiii–xxiv; Frame 1965; Bakewell 2011).

Í bókmenntasögunni er Montaigne gjarnan fundinn staður milli Rabelais og Shakespeares. Á tímum upplýsingarinnar voru skrif hans vel metin af samlöndum hans en á tímabilinu 1660–1720 sættu þau harðri gagnrýni og síðan var þeim lítt áhugi sýndur um alllangt skeið (Montaigne 1962: xxiii; Boas 1970). Montaigne fæddist á tímum endurreisnarinnar, nokkrum árum eftir andlát Erasmusar frá Rotterdam, og hlaut húmaníska menntun í anda þess tímabils. Hann segir frá því hvernig faðir hans sá til þess að hann lærði latínu strax á unga aldri, án bóka, málfræði og tára, svo að hann þyrfti ekki að eyða löngum stundum í það nám síðar á kostnað annars: Faðir hans réð Þjóðverja sem kunni ekki frönsku til að annast uppeldi sonarins. Þjóðverjinn og tveir aðstoðarmenn hans töluðu einungis latínu við barnið og öllum á heimilinu var bannað að mæla við drenginn á öðru tungumáli. Þannig lærðu foreldrar Montaignes og þjónustufólk hrafl í latínu en hún varð á vissan hátt móðurmál Montaignes sem fékk ekki að læra frönsku fyrr en hann var orðinn sex ára gamall (Montaigne I.26, 1962: 43). Latínan var honum svo töm að hann greip til hennar eins og við slettum ensku; hann sækir mikinn innblástur í höfunda fornaldar og vitnar iðulega í þá máli sínu til stuðnings. Mörgum árum síðar þýddi Montaigne úr latínu verkið *Theologia naturalis* eftir spænska guðfræðinginn Raimond Sebond, að beiðni föður síns sem hafði heyrt að það væri meðal við mótáætlanir. Ári síðar gaf hann út ljóð vinar síns Étienne de La Boétie sem þá var látinn en einstök vinátta þeirra Montaignes skildi eftir góðar minningar en ekki síður tóm og söknuð.⁸ *Essais* er eina ritverkið sem Montaigne samdi og sendi frá sér.⁹

Þegar Montaigne lét af borgarstjórastarfinu í Bordeaux fór hann að vinna að því riti sem síðar fékk heitið *Essais*. Tveir fyrstu hlutar verksins komu út árið 1580 en viðtökurnar voru dræmar. Nokkrum árum síðar, 1588, var það gefið út aftur, með ýmsum lagfæringum, og hafði þá þriðja hlutanum verið bætt við. Dagbókin, *Journal de*

8 Montaigne fjallar um samband þeirra í esseyjunni „Um vináttuna“ (I.28).

9 Nokkur bréf Montaignes hafa einnig varðveist (Montaigne 1962: 1347–1400).

voyage, nýttist höfundinum vel við það verk. Viðtökurnar voru betri en í fyrra skiptið og Montaigne hélt áfram að vinna í ritinu allt til dauðadags og enn var verkið gefið út, árið 1595, eftir dauða höfundarins, með viðeigandi viðbótum. Útgáfurnar þrjár gera lesandanum kleift að fylgjast með þróun verksins og er gjarnan talað um þrjú lög þess í því sambandi. Einnig sýna þær hvaða breytingum höfundurinn sjálfur tekur á ritunartíma þess, hvernig viðhorf hans breytast og skoðanir, rétt eins og útlit og heilsa: „Ég hef elst um sjö til átta ár síðan ég byrjaði. Og við það hefur ýmislegt nýtt áunnist. Af örlæti árána hef ég, á þeim tíma, kynnt mér nýrnasteina“ (Montaigne II.37, 1962: 737; Auerbach 2008: 431). Því eins og fram kemur í ávarpi höfundar til lesandans þá er þetta verk fyrst og fremst mynd af Montaigne sjálfum:

Lesandi, þetta er einlæg bók. Strax frá upphafi ert þú upplýstur um það að eina markmið mitt með verkinu er fjölskylda og vinir. Ég hef á engan hátt haft í huga að þjóna þér eða hégómagirnd minni. Kraftar mínir eru þess ekki megnugir. Bókinni er eingöngu ætlað að vera til þæginda fyrir skyldmenni mín og vini þannig að þegar ég kveð þennan heim (sem brátt verður) geti þeir fundið hér nokkur einkenni á venjum mínum og landarfari og með því móti gert þekkingu sína á mér heillegri og líflegri. Hefði ég skrifað til þess að vekja aðdáun annarra þá hefði ég haft mig til og sýnt mig hér á mun skipulegri hátt. Ég vil að fólk sjái mig fábrotinn, eðlilegan og hversdagslegan, án þess að ég stilli mér upp eða fegri, vegna þess að það er ég sjálfur sem ég dreg hér upp mynd af. Gallar mínir og náttúrulegt útlit munu blasa við, svo lengi sem það stríðir ekki gegn vel-sæminu. Hefði ég lifað meðal þeirra þjóða sem sagt er að búi enn við hið ljúfa frelsi fyrstu laga náttúrunnar þá fullvissa ég þig um að ég hefði mjög gjarnan dregið upp mynd af mér öllum og það kviknöktum. Þannig er ég, lesandi góður, sjálfur viðfang minnar eigin bókar; það er ástæðulaust að þú eyðir frítíma þínum í svo léttvægt og innantómt efni. Far því vel, frá Montaigne, þennan fyrsta dag marsmánaðar fimmtán hundruð og átta-tíu.¹⁰ (Montaigne 1962: 9)

Montaigne skrifaði þó ekki ævisögu í þeim skilningi sem nú er oftast lagður í það orð. Þótt einstaklingurinn fengi meira vægi á tímum

10 Greinarhöfundur þýðir allar tilvitnanir í rit Montaignes í greininni.

endurreisnar en á miðöldum var það nýstárlegt uppátæki á síðari hluta 16. aldar að setjast niður og lýsa því yfir að nú ætli höfundur að skrifa bók um sjálfan sig. Það stangaðist ekki hvað síst á við það líftillæti sem kristnin bauð börnum sínum að sýna. Hugmyndir um einstaklinginn og frelsi hans tóku umtalsverðum breytingum á þessum tíma. Sumar trúarhreyfingar, s.s. jansenistar, sem kenndir eru við Cornelius Jansen, höfund *Augustinus* (1640), gerðu þó lítið úr mannlegu edli en því meira úr Guði (Delumeau 1984: 334–358). Blaise Pascal, sem var undir áhrifum jansenismans, kundi ekki að meta Montaigne af þessum ástæðum þótt áhrifa Montaignes gæti einnig í skrifum hans (Boase 1970: 359–375). Þrátt fyrir mikla auðmýkt í ávarpi sínu til lesandans þar sem Montaigne gerir lítið úr verki sínu var hann meðvitaður um frumleika þess (Schreech 1983: 6–8). Verkefni hans var vissulega óvenjulegt; hann vildi draga upp mynd af sér en ekki til þess að fjalla um líf sitt, afrek og ævihlaup heldur í þeim tilgangi að kynnst sjálfum sér betur. Til þess finnur hann upp nýja bókmenntagerð, *l'essai*, orð sem er nú notað fyrir ess-eyjuna eða ritgerð. Franska orðið *essai* er dregið af latneska orðinu *exagium* ‘vog’ og á tímum Montaignes var merking þess ‘þraut’, ‘próf’, ‘prófraun’, ‘tilraun’, en það gat einnig þýtt ‘að beita einhverju til þess að ganga úr skugga um kosti þess’ (Glaudes og Louette 2011: 54–55).¹¹ Þannig gat *essai* verið vel heppnuð og borið árangur eða – og það á t.a.m. við um esseyjur Montaignes – birist sem hik og hægagangur. Esseyjurnar eru tilraunir af ýmsum toga og í þeim reynir höfundurinn sjálfan sig, líkama og sál, skynsemi, dómgreind og tilfinningar með því að takast á við ólíkustu viðfangsefni. Leið hans að viðfangsefninu fólst í því að horfa á heiminn, nær og fjær, og mynda sér skoðun á því sem þar bar fyrir augu. Hann rýnir í spegil og sér andlit sitt eldast. Hann fjallar um dauðann, uppeldi barna, ketti, hrukkur, sjúkdóma, elli, einsemd, iðrun, sorg, hégóma, reynslu, óstöðugleika athafna okkar, vináttuna, smáatriði úr daglega lífinu, um margar leiðir að sama marki, Nýja heiminn, landafundina og ýmis önnur málefni sem eru honum hugleikin. Esseyjurnar eru þannig tilraunir Montaignes til að komast nær sjálfum sér með því

11 Sjá einnig orðabækurnar *Dictionnaire de l'Académie Française*, 1. útgáfa (1694), og *Dictionnaire du Moyen Français* sem nær yfir tungumálið frá 1330–1500. Þær eru aðgengilegar á rafrænu formi á heimasíðu Centre National de Ressources Textuelles et Lexicales, <http://www.cnrtl.fr/>.

að takast á við hin ólíkustu viðfangsefni. Í seinasta kafla verksins, sem er eins konar samantekt og niðurstaða, segir Montaigne: „Engin þrá er eðlilegri en þekkingarþráin. Við reynum (fr. *essays*) allar leiðir sem þangað liggja“ (Montaigne III.13, 1962: 1041). Hann gerir líka tilraun með formið og fylgir ekki stöðluðum reglum síns tíma um uppbyggingu texta; *Essais* er tilraunaverk, í sífældri endurritun og endurskoðun.

3. Montaigne um mannlegt eðli

Montaigne er einn af þeim höfundum sem Erich Auerbach fjallar um í verki sínu *Mimesis, framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*. Í kaflanum „Hlutskipti mannsins“ greinir Auerbach frá því hvernig Montaigne sýnir sjálfan sig sem flöktandi veru á stöðugri hreyfingu, þar sem andi og líkami eru eitt og einstaklingurinn óaðskiljanlegur hluti af umhverfi sínu og samtíma. Í skrifum sínum lýsir hann, betur en aðrir samtímamenn hans, „vanda mannsins við að ná áttum í heiminum; það er, að lifa lífinu án fastra viðmiðana“ (Auerbach 2008: 462). Montaigne var víðlesinn og hans hæglátu, ólgandi skrif veita okkur einstaka innsýn í hugsun manns á síðari hluta 16. aldar. Verk hans er þó ekki síst forvitnilegt fyrir þann áhuga og skilning á mannlegu eðli sem þar er að finna. Í riti sínu *Montaigne and Melancholy* bendir Michael A. Screech á að hvorki Rabelais né Shakespeare hafi haft sama skilning og Montaigne á náttúrulegum takmörkum mannsins (Screech 1983: 2). Í 2. esseyju 3. hluta *Essais* kemur vel í ljós sýn höfundarins á manninn, og sjálfan sig:

Aðrir móta manninn; ég segi frá honum og dreg upp mynd af sérstökum einkar illa gerðum manni sem yrði afar ólíkur því sem hann er ef ég ætti að móta hann á nýjan leik. En nú er það gert. Nú munu drættir málverks míns ekki hvika jafnvel þótt þeir breytist og séu margvíslegir. Heimurinn er einungis vegasalt sem aldrei stöðvast. Allt sveiflast í sífellu: jörðin, klettarnir í Kákasusfjöllum, pýramídarnir í Egyptalandi, bæði í takt við almenna hreyfingu og sína eigin sérstöku hreyfingu. Jafnvel stöðugleikinn er aðeins silaleg hreyfing. Ég get ekki fest niður viðfang mitt, það er

hulið þoku og hrasar af náttúrulegri ölvun. Ég fanga það á þessum tíma-
punkti, eins og það er á þeirri stundu þegar ég virði það fyrir mér. Ég sýni
ekki hvernig það er. Ég sýni hvernig það breytist, ekki frá einu aldurs-
skeiði til annars eða, eins og fólk segir, frá sjö árum til sjö ára, heldur frá
degi til dags, mínútu til mínútu. Ég verð að laga sögu mína að líðandi
stund. Ég get hæglega breyst núna, ekki aðeins fyrir tilviljun heldur
einnig af ásetningi. Þetta er listi yfir ýmsa breytilega atburði, yfir óá-
kveðnar og stundum mótsagnakenndar hugmyndir, annaðhvort vegna
þess að ég er annar ég eða þá vegna þess að ég fjalla um viðfangsefni út
frá ólíkum aðstæðum og frá öðru sjónarhorni. Því getur verið að ég sé í
mótsögn við sjálfan mig en eins og Demades sagði, þá er ég aldrei í
mótsögn við sannleikann. Ef hugur minn gæti fundið tryggja fótfestu þá
talaði ég ekki hikandi heldur tæki ég af skarið; hugur minn er alltaf í
stöðu lærlings og þarf að sanna sig. (Montaigne 1962: 782; Auerbach
2008: 422–423)

Þegar Montaigne dregur upp sjálfsmyndina þá er það ekki í einu
striki heldur óteljandi skissum; hann skoðar viðfangsefnið úr
ýmsum áttum, færir sig til, fram og aftur, til hægri og vinstri, til
að fá á það betri sýn og þannig tekur verkið sífelldum breytingum.
Bæði málarinn og fyrirsætan eru á stöðugri hreyfingu (Rousset
1954: 139), bæði í huganum og líkamlega. Í kaflanum „Um yfir-
lætið“ þar sem Montaigne lýsir útliti sínu – hæð undir meðallagi,
loðinn á bringu og fótleggjum, þéttbyggður án þess að vera feitur
... – og áhrifum ellinnar, sem er framundan, segir hann: „Ég legg á
flóttu og laumast frá sjálfum mér á hverjum degi“ (Montaigne II.17,
1962: 625). Hugurinn er ekki síður ókyrr; Montaigne hélt, þegar
hann dró sig í hlé frá skarkala heimsins til að hvílast og öðlast
hugarró, að iðjuleysið yrði honum til góðs. En aðgerðaleysið hafði
þveröfug áhrif: Hugurinn hamaðist eins og ólmur hestur sem hefur
slitið sig lausan og fæddi af sér svo margvíslega hugaróra og yfir-
náttúruleg skrímli, að Montaigne segist hafa tekið til við að skrifa
til þess að geta virt þau betur fyrir sér (Montaigne I.8, 1962:
33–34).

Þessi lýsing á manninum og eðli hans er ekkert einsdæmi á
þessum tíma og fellur vel að því sem nú er gjarnan kallað barokk-
stefnan í listum og arkitektúr. Eitt af einkennum hennar er einmitt

tilfinning fyrir tímanum og hverfuleikanum, þeim stöðugu breytingum sem allt er undirorpið, maðurinn og heimurinn allur. Vatn, eldur og vindur, í hinum ýmsu myndum, voru vinsæl þemu hjá barokkskáldunum og í augum sumra þeirra var náttúran óumflýjanlegur dauði. Þegar franska skáldið Jean de Sponde (1557–1595) yrkir: „Náttúran er óstöðug og með hreyfingum sínum málur hún ýmsar breytingar á enni sér“ er það til að undirstrika mótsögn efnisins og andans sem er stöðugur í hringiðu óstöðugleikans (Rousset 1954: 119). Jafnvel steinninn, eða marmarinn, lætur undan: „Þegar marmarinn breytist má höggva hann og slípa“ kvað skáldið Pierre Le Moyne (1602–1672) (Rousset 1954: 135). Í umfjöllun sinni um Montaigne bendir Maurice Merleau-Ponty á að leit Montaignes sé í raun ekki leit að neinu sérstöku – líkt og veiði án bráðar – en að það sé eina leiðin til að lýsa mannum.¹² Þess vegna gaumgæfi hann flæði hugsana, í líkingu við Proust síðar, og að það gefi til kynna að „fyrir Montaigne hefði eini sigurinn á tímanum verið sá að tjá tímann“ (Merleau-Ponty 1960: 255). Dauðinn bíður okkar allra og eitt af mikilvægustu viðfangsefnum Montaignes er það hvernig maðurinn, eða að minnsta kosti hann sjálfur, eigi að lifa með þessari vissu.¹³ En með iðkun heimspekinnar lærir maður að deyja (Montaigne I.20, 1962: 79–95). Hann bendir á að það sem skipti mestu máli er ekki hversu lengi maður lifir heldur hvernig og notar seinustu línur verksins til að minna lesanda sinn á nauðsyn þess að þekkja sjálfan sig og lifa í sátt til að geta notið tilverunnar:

Það er alger fullkominun, og næstum því guðleg, að kunna að njóta tilverunnar [fr. *son estre*] af einlægni. Við leitumst við að breyta eðli okkar vegna þess að við skiljum það ekki og leitum út fyrir okkur sjálf vegna þess að við vitum ekki hvernig við erum að innan. Þess vegna er lítill ávinningur í því fólgin að vera á stultum þar sem við verðum samt að hreyfa fæturna til að geta gengið. Og í hæsta há sæti heimsins sitjum við bara á rassinum. (Montaigne III.13, 1962: 1096)

12 Hann tileinkar Montaigne einn kafla (k. IX „Lecture de Montaigne“) í verki sínu *Signes*, París: Gallimard, 1960, bls. 250–266.

13 Lífsheimspeki Montaignes á enn erindi við lesendur, sjá t.d. Antoine Compagnon, *Un été avec Montaigne*, Sainte-Marguerite-sur-mer: Ed. des Equateurs, 2013 og nýlegt rit Söruh Bakewell, *How to live or A Life of Montaigne*.

Sýn Montaignes á manninn og sjálfan sig endurspeglast ekki einungis í fjölbreyttu efnisvali *Essais* heldur einnig í stíl og uppbyggingu verksins. Í „tilraunum“ sínum lætur Montaigne hugann reika úr einu í annað, enda eðli mannsins að vera á sífellldri hreyfingu þar sem heimurinn er aldrei kyrr. Þess vegna er maðurinn líka óstöðuglyndur og flöktandi. Þegar hann spyr: „Hvað veit ég?“ er það vegna þess að hann er meðvitaður um að það sem hann vissi í gær er ekki lengur eins og það var; allt breytist í sífellu. Lesandinn á stundum erfitt með að fylgja höfundinum eftir þar sem tengingar Montaignes eru oft óvæntar og merking þeirra ekki augljós þótt hver esseyja sé í raun – þegar lesandinn er kominn alla leið – langt frá því að vera stefnulaus. Höfundurinn flakkar á milli hugsana, tungumála, menninga, minninga og viðhorfa og gerir umtalsverðar kröfur til lesanda síns sem verður að taka þátt í esseyjunni, þreifa sig áfram, eins og Montaigne sjálfur. Stíll Montaignes á eflaust nokkurn þátt í því. Hann lýsir honum sjálfur í verkinu og segist ekki hafa hæfileikann til þess að krydda frásögn og gera skemmtilega (Montaigne II.17, 1962: 620). Setningar eru oft langar, hann sleppir gjarnan tengiorðum innan málsgreina eða tengingum í röksemdafærslum en um leið er stíll hans sérlega líflegur og eðlilegur. Fyrirmynd skrifanna eru bréfaskriftir og hin sókratíska samræða, en Montaigne getur þess að lát Etienne de La Boétie hafi komið í veg fyrir að hann gæti skrifað til hans, þess vegna hafi hann skrifað *Essais*. Hér eru það Montaigne og lesandinn sem kallast á, ræða saman, og ljóst er að Montaigne ber virðingu fyrir þeim síðarnefnda: „Glöggur lesandi kemur oft auga á, í skrifum annarra, aðra kosti en þá sem höfundur vissi af sjálfur, og gæðir þau dýpri og fjölbreyttari merkingu og túlkun“ (Montaigne I.24, 1962: 126). Montaigne fær lesandann til að hugsa með sér, leita svara og skýringa, eins og til dæmis í óræðum upphafsorðum esseyjunnar um iðrunina (III.2) hér fyrir ofan þar sem höfundurinn greinir sig frá öðrum án þess að skilgreina nánar hverjir það eru. Ef til vill eru það þeir sömu og Montaigne vísar til þegar hann segist draga upp mynd af sjálfum sér fyrir aðra: Myndin verður skýrari eftir því sem hann gerir fleiri tilraunir og þannig er hann sjálfur jafnmikið afsprengi bókarinnar og hún afsprengi hans (Montaigne II.18, 1962: 648). Maðurinn mótast og tekur á sig mynd í snertingu og samskiptum við aðra. Tengslin

við annað fólk eru því nauðsynleg, en Jean Starobinski bendir á að þar eins og víðar sé Montaigne fullur mótsagnar: hann sýnir sig til þess að aðrir sjái hann eins og hann er en kærir sig kollóttan um hvað öðrum finnst (Starobinski 1985: 89–137).

4. Indíanarnir og við

Þótt Montaigne fari um víðan völl í sjálfsskoðun sinni fer hann líklega aldrei eins langt, í landfræðilegum skilningi, og þegar hann fjallar um Nýja heiminn þótt hann hafi aldrei komið þangað. Þegar Montaigne byrjar að skrifa *Essais* eru landafundirnir miklu að baki og margar ferðasögur hafa komið út. Þar má nefna *La Singularitez de la France antarctique* (Sérkenni Frakklands suðurhvelsins) eftir André Thevet sem kom út 1557 og *Histoire d'un voyage fait en la terre du Brésil* (Saga ferðar sem farin var til Brasilíu) eftir Jean de Léry frá árinu 1578, sem báðar fjalla um Brasilíu þótt á ólíkan hátt sé. Einnig eru spænsk verk um Nýja heiminn lesin í Frakklandi í frönskum þýðingum svo sem *Brevísima Relación de la Destrucción de las Indias* (Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda, 1552) eftir Bartolomé de Las Casas þar sem voðaverk Spánverja í Nýja heiminum voru afhjúpuð og *Historia de las Indias eða Hispania Victrix* (Saga Indíalanda eða Sigursæli Spánn, 1552) eftir Fransisco López de Gómara.¹⁴ Það er greinilegt að Montaigne hefur lesið sér til um landafundina og víst þykir að hann hafi stuðst við ofangreindar franskar ferðasögur þótt hann nefni ekki heimildir sínar.¹⁵ Hann nefnir einnig munnlegar frásagnir fábrotinna ferðalanga, sem honum falla vel, þar sem þeir skreyta ekki frásagnir sínar, öfugt við marga menntamenn sem túlka og teygja viðfangsefni sín eftir eigin hentugleika og smekk (Montaigne I.31, 1962: 202). Montaigne fjallar einkum um íbúa Nýja heimsins í tveimur ritgerðum í verki sínu: „Af mannætum“ („Des cannibales“ I.31), sem hann helgar þessu

14 Verk Las Casas og Gómara voru þýdd á frönsku: Bartolomé de Las Casas, *Histoire admirable des horribles insolences, cruautés et tyrannies exercées par les Espagnols es Indes Occidentales*, traduit par Jacques de Migrode, 1579; Francisco López de Gómara, *Histoire generale des Indes occidentales*, Traduite par Martin Fumeé, 1568.

15 *Histoire de Portugal* eftir Hieronymus Osorio er einnig tilgreind sem ein af heimildum Montaignes. Hún kom út í franskrí þýðingu 1581 (sjá t.d. Montaigne 1962, bls. 1493–1494).

efni, og í kaflanum „Um ferðamáta“ („Des coches“ III.6) þar sem hann tengir vangaveltur um farartæki, munað og konungstign við hugrekki og reisn indíánakonunga í Mexíkó.¹⁶

Afstaða hans til landafundanna er skýr. Hann fordæmir landvinninga Spánverja og Portúgala, illa meðferð þeirra á indíánunum, útrýmingu þjóða og menningar, græðgi, grimmd og hroka landvinningamannanna sem nýttu sér „fáfræði og reynsluleysi“ indíánanna (Montaigne III.6, 1962: 876–894). Þannig hefst kaflinn „Af mannætum“ á skilgreiningu á orðinu *barbari* sem Montaigne skýrir ekki út frá orðasifjafræðinni heldur því hvernig hver þjóð notar þetta orð um þá sem ekki tilheyra henni; barabarismi er þá einfaldlega það sem ekki fellur undir venjur hennar og siði. Sjónarhornið og viðmiðið er alltaf maður sjálfur, það sem gott þykir og rétt í manns eigin landi. Svo dregur Montaigne upp mynd af þessu fjarlæga fólki og daglegu lífi þess.¹⁷

Íbúar Nýja heimsins eru óspilltir, hjartahreinir og hraustir og heimildamenn Montaignes segjast ekki hafa séð þar nein tannlaus og skjálfandi gamalmenni. Þeir eru blessunarlega lausir við tölur og bókstafi, dómara, stjórnámamenn, vinnu, klæðnað og vín, og svo mætti lengi telja. Þeir eru eins og ein stór fjölskylda, tungumál þeirra er hljómþýtt, einna líkast grísku, og þeir eiga ekki orð yfir ósannindi, svik, fals, nirfilshátt, öfund eða fyrirgefningu. Landið er hlýtt, byggðin meðfram sjónum og sjórinn fullur af fiski. Innfæddir fara á fætur í dagrenningu og neyta þá einu máltíðar dagsins. Þeir drekka hins vegar oft á dag volgan bragðmikinn drykk sem gerður er úr einhverri rót. Svo er deginum eytt í dans. Yngri mennirnir fara á veiðar, konur sjá um að hita drykkinn. Öldungar predika yfir fólkinu fyrir árbítinn og endurtaka ávallt það sama: hugrekki andspænis óvinum og hlýju í garð kvennanna. Þeir trúu því að sálin sé eilíf og að sálir þeirra sem það verðskuldi fái dvalarstað í austri en hinar í vestri. Eins konar spámenn koma af og til niður úr fjöllum

16 Montaigne vísar stuttlega að mannáti í II.11 „Af grimmd“ („De la cruauté“) og fjallar um Nýja heiminn í II.12, „Til varnar Raimond Sebond“ („Apologie de Raimond Sebond“). Íslenska þýðingu á kaflanum „Des cannibales“ er að finna aftar í þessu hefti, bls. 317–330.

17 Indíánarnir sem Montaigne lýsir í verki sínu eru Tupinamba-indíánar á strönd Brasilu. Þessum indíánum er lýst í ofangreindum ferðasögum. Árið 1550 höfðu svo fimmtíu Tupinamba-indíánar tekið þátt í miklum hátrúahöldum í Rúðuborg til heiðurs Hinriki 2. Öll umfjöllun Montaigne um indíána Ameríku ber keim af lýsingum á Tupinamba-indíánunum, hvort sem hann fjallar um Asteka eða Inka, eins og hann gerir í kafla III.6 „Um ferðamáta“ („Des coches“).

til þeirra og segja þeim hvað er í vændum, en ef spámaðurinn misreiknar sig er hann tekinn af lífi. Fólkið á í stríði við þá sem búa hinum megin við fjöllin; mennirnir berjast naktir, vopnaðir bogum eða trésverðum. Þeir kunna ekki að hræðast og því lýkur bardögnum alltaf með dauða eða blóðsúthellingum. Sigurvegarinn sker höfuðið af föllnum óvini og hengir það upp við dyrnar á húsi sínu. Aðrir eru teknir til fanga. Eftir tveggja til þriggja mánaða vist eru fangarnir rotaðir, steiktir og borðaðir. Allir sameinast í þessari athöfn en hún snýst ekki um að sedja hungur heldur að ná fram hefndum.

Evrópubúum hryllti við sögum af mannáti indíánanna sem Kólabúur hafði fyrstur manna haft orð á í bréfum sínum um landafundina en var svo fjallað um aftur í skrifum ýmissa sagnaritara. Þrátt fyrir það er sú mynd sem lesandinn fær af indíánunum í frásögn Montaignes jákvæð. Hvað vakti fyrir höfundinum með þessari umfjöllun? Það er áberandi að á tímum blóðugra átaka í heimalandi sínu skuli hann að mestu sneiða hjá umfjöllun um þau viðkvæmu trúarlegu deilumál sem hann fléttaðist inn í. En hér fær hann tækifæri til að spegla atburði úr samtíma sínum í villimennsku indíánanna:

Ég er ekki þjakaður af því að við skulum taka eftir villimannslegum hryllingi þessara gjörða [mannátsins] heldur af því að um leið og við forðæmum réttilega misgjörðir þeirra þá erum við svo blind á okkar eigin. Ég held að það sé meiri villimennska fólgin í því að eta lifandi mann en dauðan, að limlesta hann með pyntingum og á píningarbekk meðan hann finnur enn til, steikja hann smátt og smátt, láta hunda og svín glefsa í hann og meiða (eins og við höfum ekki bara lesið um heldur séð nýlega, ekki meðal fornra fjanvina heldur nágretta og meðborgara, og það sem verra er, undir formerkjum guðrækni og trúar), en að steikja hann og eta þegar hann er dáinn. (Montaigne I.31, 1962: 207–208)

Montaigne skýrir þetta ekki nánar enda vissu allir lesendur hans hvað hann átti við. Mannát er gamalt stef úr bókmenntum, bæði fornþókmenntum og bókmenntum miðalda, þjóðsögum og ævintýrum. En grimmd, ofbeldi og mannát var einnig til umræðu í samtíma Montaignes og sögur bárust af mannáti, ekki aðeins í Nýja

heiminum heldur einnig í þeim gamla. Jean de Léry, höfundur ferða-sögunnar *Histoire d'un voyage fait en la terre du Brésil*, var mótmælendatrúar og hann tók einnig saman verkið *Histoire mémorable de la ville de Sancerre* (Minnisverð saga Sancerre-bæjar) þar sem hann segir frá atburðum sem hann var vitni að í bænum Sancerre árið 1573. Sancerre var eitt af höfuðvígum mótmælenda í Frakklandi og í umsátrinu um bæinn brast á mikil hungursneyð meðal íbúa hans sem sumir gripu til þess neyðarúrræðis að leggja sér mannakjöt til munns (Rawson 2001: 25–30). Einnig voru frásagnir af sölu og áti á líkamshlutum mótmælenda t.d. í París, Lyon og Auxerre eftir blóðbaðið sem átti sér stað á Bartólómeusarmessu í París 1572 og kom af stað öldu ofbeldis víða um landið. Léry ber mannátíð í Brasilíu saman við atburðina í Sancerre og segist aldrei hafa verið hræddur þar ólíkt því þegar hann horfði upp á hryllinginn í Sancerre. Frásögn hans er indíánunum í vil, eins og hjá Montaigne, en sá síðarnefndi virðist einnig hafa í huga refsingarnar sem þeir sem ásakaðir voru um mannát urðu að þola af hálfu trúbræðra sinna sem brenndu þá lifandi á báli (Rawson 2001: 28–29). Í hinu fræga ljóði Agrippa d'Aubigné um trúarbragðastríðin, *Les Tragiques* (Hinir harmrænu), sem kom út í byrjun 17. aldar, er Frakklandi lýst, strax í upphafi kvæðisins, sem móður með tvö börn sín í fanginu; börnin deila og rífast og skeyta engu um sorg og þjáningu móðurinnar. D'Aubigné var mótmælendatrúar og er kvæði hans eitt af minnisvörðum borgarastríðsins í Frakklandi á síðari hluta 16. aldar.¹⁸

Stríð þeirra er göfugt, heldur Montaigne áfram í „Af mannættum“, til að draga enn betur fram yfirburði indíánanna, og snýst um það eitt að sigra. Þeir ræna ekki andstæðinga sína en halda föngunum í góðu yfirlæti, lofa þeim jafnvel að snúa heim ef þeir viðurkenni ósigur sinn en allir vilja fangarnir frekar deyja og vera étnir því að hugrekki er æðsta dyggðin.¹⁹ Fangarnir eru glaðir, ögra vörðum sínum og hvetja þá til að taka sig af lífi og setjast að snæðingi og minna verðina á að um leið muni þeir borða sína eigin feður og forfeður, sem þeir, fangarnir, hafa lagt sér til munns áður. Það er

18 Agrippa d'Aubigné barðist við hlið Hinriks af Navarre áður en sá síðarnefndi snerist til kaþólskrar trúar til að geta tekið við af Hinriki 3. *Les Tragiques* kom fyrst út árið 1616, eftir dauða höfundarins.

19 Í ritgerðinni „Des Coches“ lýsir Montaigne einnig hugrekki indíánanna í bardögum við Spánverja.

furðu langt, segir Montaigne, á milli þeirra síða og okkar: „Við getum svo sem kallað þá skrælingja með hliðsjón af reglum skynseminnar en ekki í samanburði við okkur sem stöndum þeim framfar í allri villimennsku“ (Montaigne I.31, 1962: 208).

Að lokum segir höfundur frá því að þrír indíánar hafi stigið á skipsfjöl og komið til Rúðuborgar þar sem þeir hafi hitt Karl 9. (1550–1574) Frakklandskonung og spjallað lengi við hann. Þeir hafi svo skoðað borgina og verið spurðir um hvað þeim hefði nú þótt aðdáunarverðast. Þeir hafi nefnt þrjú atriði en Montaigne segist því miður bara muna eftir tveimur þeirra: Í fyrsta lagi hafi þeim þótt einkennilegt að vopnaðir og skeggjaðir menn skyldu lúta barnungum konungi í stað þess að velja sér stjórnanda úr sínum hópi og í öðru lagi fannst þeim skrítið að hér skyldu sumir menn lifa í vellystingum en aðrir, horaðir og illa til fara, betla við dyr hinna. Montaigne lýkur þannig umfjöllun sinni um mannæturnar með því draga upp mynd af sínu eigin samfélagi, ómannlegu og grimmu.

Lýsingar Montaignes á íbúum Nýja heimsins í ritinu eru þó misfagar. Í lok esseyjunnar „Um hófsemi“ („De la modération“), rétt á undan ritgerðinni um mannæturnar, er að finna stuttan kafla þar sem mannfórnum indíána og grimmd er lýst og sagt frá því hvernig þeir „brenna fórnarlömb sín lifandi og draga þau hálfbrunnin út úr logunum til þess að rífa úr þeim hjartað og innynflin“ (Montaigne I.30, 1962: 199).²⁰ Í riti sínu um barbarisma og evrópskt ímyndunarafli á tímabilinu 1492–1945 bendir Claude Rawson á hversu tvíræð staðsetning þessa stutta kafla er en honum var bætt inn í aðra útgáfu verksins 1588 (Rawson 2001: 42–55). Rawson telur að með þessari staðsetningu sé höfundurinn vísvitandi að draga úr þeirri upphöfn mynd af indíánunum sem bíði lesandans í ritgerðinni „Af mannætum“ því að þar (I.30) séu aðfarir íbúa Nýja heimsins ekki ólíkar þeim sem hann eignar samlöndum sínum í næstu esseyju. Esseyjan um mannæturnar er einmitt þekkt fyrir að vera mótsagna-kennd eins og Claude Lévi-Strauss og fleiri hafa bent á: Þar er hinu Nýja stillt upp andspænis hinu Gamla og einnig sýnt hversu vara-samt er að túlka einn menningarheim út frá öðrum því að öll samfélög geta virst villimannsleg þegar síðir þess eru skoðaðir með augum skynseminnar en jafnframt ætti ekkert þeirra að falla í þann

20 Þess má geta að mannfórnir indíána komust á blað eftir fund Mexíkó og Perú.

flokk ef siðir þess eru settir í skynsamlegt samhengi (Lévi-Strauss 1991: 280–281, Marchi 1993: 35–54).

Í riti sínu *Nous et les autres* (Við og hinir) frá árinu 1989 bendir Tzvetan Todorov á að þótt Montaigne dragi upp mjög lofsamlega mynd af indíánum Nýja heimsins í „Af mannætum“, á kostnað samlanda sinna og samfélags, hafi hann í raun ekki vitað neitt um þá; myndin byggist á hans eigin hugmynd um dyggðir og fullkomnun og hún eigi fyrst og fremst rætur að rekja til klassískrar menningar, einkum Forngríkkja (Todorov 1989: 60). Það var kannski ekki við öðru að búast af Montaigne; þótt landafundur 16. aldar væru stórvíðburður þá opnuðust fleiri gáttir á þessum tíma sem höfðu einnig djúpstæð áhrif á menntamenn. Menningararfur fornaldar var heillandi og hann þekktu Montaigne og samferðamenn hans vel. Þar var að finna lýsingar á fjarlægum þjóðum og tegundum og í fyrstu virtust landafundirnir einfaldlega staðfesta tilvist þeirra frekar en að vera uppspretta nýrrar þekkingar (Lévi-Strauss 1991: 291). Það kom þó ekki í veg fyrir að skrif Montaignes um íbúa Nýja heimsins segðu sitthvað um höfundinn og skoðanir hans á samtíma sínum.

5. Lokaorð

Esseyjurnar eru tilraunir Montaignes til að kynna sjálfum sér betur með því spegla sig í öðrum og heiminum öllum. Eins og Jean Starobinski bendir á þá byggir hugmynd Vesturlandabúa um tilvist einstaklingsins að miklu leyti á skrifum Montaignes og þeirri hugsun að einstaklingur geti ekki áttað sig á sjálfum sér nema hann sjái sig speglast í öðrum (Starobinski 1985: 307). Þannig er esseyjan um mannæturnar og skrælingjana handan hafsins ein af leiðum Montaignes til að fjalla um villimennsku sinnar eigin þjóðar og segir okkur því meira um höfundinn og samlanda hans en íbúa Nýja heimsins. Svona – meðal annars – skrifar heimspekingurinn og húanistinn Montaigne sjálfan sig á nýstárlega hátt inn í þá atburði sem settu svip sinn á samtíma hans. Sem samtímaspeggill einkennist verk hans og hugsun þó ekki af mikilli bjartsýni, þrátt fyrir lífsheimspeki Montaigne, enda ekki við því búast í Frakklandi á seinni hluta 16. aldar þegar hrikti í stoðum trúarinnar og borgarastríð skipti löndum hans í andstæðar fylkingar.

ÚTDRÁTTUR

Sjálfsmynd og villimenn Nýja heimsins í skrifum Michels de Montaigne

Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti. Einn þeirra endurreisnarmanna sem skrifuðu um íbúa Nýja heimsins var Frakkinn Michel de Montaigne (1533–1592) sem er þekktastur fyrir rit sit *Essais* eða Tilraunir. Þar dregur höfundur upp mynd af sjálfum sér með því að beina sjónum sínum og dómgreind að ólíkustu viðfangsefnum. Í esseyjunni „Um mannætur“ („Des cannibales“) gagnrýnir Montaigne grimmd samlanda sinna í þeim trúardeilum, sem settu svip sinn á síðari hluta 16. aldar í Frakklandi og lýsir því yfir að Evrópumenn standi íbúum Nýja heimsins framar í allri villimennsku. Hér er greint frá esseyjuformi Montaignes og sagt frá því hvernig sjálfsmynd og sýn á „hinn“ fléttast saman í umfjöllun hans um mannætur Nýja heimsins.

Lykilord: Michel de Montaigne, „Um mannætur“, esseyja, Nýi heimurinn, sjálfsmynd

ABSTRACT

Autoportrait and the Savages of the New World in the *Essays* of Michel de Montaigne

Descriptions of the Indians of the New World greatly influenced the European imagination, in particular stories of cannibalism. One of the intellectuals of the Renaissance who wrote about this subject was Michel de Montaigne (1533–1592), known for his work *Essais*. There he draws a picture of himself by considering and testing his judgement on different topics. In his essay “On cannibals” (“Des cannibales”) Montaigne criticises the cruelty of his French contemporaries in the religious wars of the second part of the 16th century and claims that Europeans are far more barbaric than the inhabitants of the New World. In this article, the form of Montaigne’s essays will be presented through a study of his vision of the “other” in his writings on the cannibals of the New World.

Keywords: Michel de Montaigne, “On Cannibals” (“Des cannibales”), essay, New World, autoportrait

HEIMILDIR

- Auerbach, Erich. 2008. *Mimesis. Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*. Aðalþýðandi: Gauti Kristmannsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. (© 1946, *Mimesis: dargestellte Wirklichkeit in der abendländischen Literature*, Bern: Francke.)
- Bakewell, Sarah. 2011. *How to live: Or A Life of Montaigne in One Question and Twenty Attempts at an Answer*. New York: Other Press.
- Boase, Alan M. 1970. *The Fortunes of Montaigne. A History of the Essays in France, 1580–1669*. New York: Octagon Books.
- La Boétie, Etienne de. 1549. *Le discours de la servitude volontaire ou le contr'un*. http://classiques.uqac.ca/classiques/la_boetie_etienne_de/discours_de_la_servitude/discours_servitude_volontaire.pdf [sótt 30. september 2013].
- Delumeau, Jean. 1984. *La civilisation de la renaissance*, París: Arthaud.
- Frame, Donald M. 1965. *Montaigne. A Biography*. London: Hamish Hamilton.
- Glaudes, Pierre, og Louette, Jean-Pierre. 2011. *L'Essai*. París: Armand Colin.
- Hoffmann, George. 1998. *Montaigne's Career*. Oxford: Clarendon Press.
- Lévi-Strauss, Claude. 1991. *Histoire de lynx*. París: Plon.
- Marchi, Dudley M. 1993. „Montaigne and the New World: The Cannibalism of Cultural Production.“ *Modern Language Studies* 24(3), bls. 35–54.
- Merleau-Ponty, Maurice. 1960. *Signes*. París: Gallimard.
- Montaigne, Michel de. 1943. *Selected Essays*. Donald M. Frame þýddi og skrifaði inngang og skýringar. Princeton (New Jersey), Toronto, London, New York: D. Van Nostrand Company.
- Montaigne, Michel de. 1962. *Œuvres complètes*. Albert Thibaudet og Maurice Rat sáu um útgáfuna. Maurice Rat ritaði inngang og skýringar. París: Gallimard.
- Rawson, Claude. 2001. *God, Gulliver and Genocide. Barbarism and the European Imagination 1492–1945*. Oxford: Oxford University Press.
- Rousset, Jean. 1954. *La littérature de l'âge baroque en France. Circé et la paon*. París: José Corti.
- Screech, Michael Andrew. 1983. *Montaigne and Melancholy, The Wisdom of the Essays*. Harmondsworth: Penguin.
- Starobinski, Jean. 1985. *Montaigne in Motion*. Þýð. Arthur Goldhammer. Chicago, London: The University of Chicago Press. (©1982 *Montaigne en Mouvement*, Gallimard.)
- Todorov, Tzvetan. 1989. *Nous et les autres. La réflexion française sur la diversité humaine*. París: Édition du Seuil.
- Todorov, Tzvetan. 1992. *Erobringen av Amerika. Forholdet til Den Andre*. Þýð. Arne Kjell Haugen. Osló: Document Forlag. (©1982 *La Conquête de l'Amérique*, Éditions du Seuil.)

Aðrar greinar

